

AUGLÝSING

um deiliskipulag hluta lóðar Laugaskóla, Reykdælahreppi.

Á fundi sveitarstjórnar Reykdælahrepps þann 7. mars var samþykkt deiliskipulag hluta lóðar Laugaskóla í Reykjadal. Skipulagssvæðið afmarkast í suðri af landamerkjum Litlulaugaskóla, Litlu-Lauga og Laugafells, í norðri af landamerkjum að Laugavöllum, í vestri af Reykjadalsá og í austri liggja skipulagsmörk í hlíðum Laxárdalsheiðar. Flatarmál skipulagsreits er 17,5 ha af 32 ha lóð Laugaskóla. Í skipulaginu er gert ráð fyrir þremur nýjum lóðum fyrir einbýlishús og jafnframt skilgreindur byggingarreitur fyrir sundlaug. Helsta breyting frá fyrri tillögum liggur í legu vega og göngustíga um svæðið.

Tillagan, uppdráttur og greinargerð, voru til sýnis á skrifstofu Reykdælahrepps í Kjarna, frá og með 16. mars til 17. apríl 2001. Engar athugasemdir bárust. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 31. maí 2001.

Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi Þingeyinga.